

# RECARO



SEAT  
FIX

AIR  
CIRCULATION  
SYSTEM

LIGHT  
WEIGHT

ECE  
NORM  
R 44/04

HERO

ISO  
FIX

ADVANCED  
((SIDE))  
PROTECTION



## Barnabílstólar í úrvali

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

## BÍLASMIÐURINN HF

# SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 1. MARS 2018 —

4. tölublað, 1. árgangur



## Mikil íbúafjölgun á Suðurnesjum

Á síðustu mánuðum hefur íbúum Suðurnesja fjölgað mikið. Hér er mesta íbúafjölgun á landinu öllu. Það fjölgar í öllum sveitarfélaga Suðurnesja. Frá desember 2016 til desember 2017 fjölgar um 1410 í Reykjanesbæ, í Garði fjölgar um 90, í Sandgerði fjölgar um 70, í Grindavík fjölgar um 110 og í Vogum fjölgar um 70.

Er Ásmundur  
sá eini? (bls 2 leiðari)



Góugleði í  
Garði (bls 6)



Hjálmar  
sígurði (bls 14)



### FALLEGIR LEGSTEINAR



**Afsláttur**  
TIL 15. MARS  
af öllum legsteinum

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

### ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-,  
mótorhjóla og snjósléðasætum.  
Húsbílaklæðningar og öll almenn  
bólstrun. Við erum þekktir fyrir  
fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

## Næsta blað

Suðurnesjablaðið kemur næst út fimmtudaginn 15.mars 2018.

# VILTU SELJA EÐA KAUPA?

FAGMENNSKA • RÁÐGJÖF • ÞJÓNUSTA



**Páll Þorbjörnsson**  
Framkvæmdarstjóri  
löggiltur fasteignasali.  
GSM 698-6655  
[pall@alltasteignir.is](mailto:pall@alltasteignir.is)



**Unnur Svava Sverrisdóttir**  
Í löggildingarnámi fasteignasala  
GSM 868-2555  
[unnur@alltasteignir.is](mailto:unnur@alltasteignir.is)



**Elínborg Jensdóttir**  
Lögræðingur í löggildingarnámi  
GSM 823-1334  
[elinborg@alltasteignir.is](mailto:elinborg@alltasteignir.is)



**Gunnar Ólafsson**  
Löggiltur fasteignasali  
[gunnar@alltasteignir.is](mailto:gunnar@alltasteignir.is)



**Gunnar Vilhelmsson**  
Í löggildingarnámi fasteignasala  
GSM 776-3848  
[gunnivil@alltasteignir.is](mailto:gunnivil@alltasteignir.is)

## SÖLUMAÐUR SÝNIR ALLAR EIGNIR

# ALLTASTEIGNIR

Hafnargötu 91 | Reykjanesbæ

[www.alltasteignir.is](http://www.alltasteignir.is)

☎ **560 5515**

f /fasteignasolur



## Heilbrigðisráðherra mætir

Öldungaráð Suðurnesja hefur forystu um boðun fundar um stöðu heilbrigðismála á Suðurnesjum. Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, mætir á fundinn. Fundurinn verður föstudaginn 6. apríl 2018 kl 14:00 í Bíosal DUUS húsa.

## Aðalfundur FES

Félag eldri sjálfstæðismanna á Suðurnesjum, FES Við minnum á að aðalfundur Félags eldri sjálfstæðismanna á Suðurnesjum, FES verður haldinn á Veitingahúsinu Kaffi Duus, Duusgötu 10 í Reykjanesbæ þriðjudaginn 13. mars 2018, kl. 12:00. Venjuleg aðalfundarstörf. Húsið verður opnað kl. 11:45. Boðið verður upp á súpu og kaffi gegn vægu gjaldi, 1.300 krónur. (Fréttatilkynning)



## Einar formaður

Sjálfstæðisfélagin í Garði og Sandgerði hafa nú sameinast í eitt félag. Einar Tryggvason var kosinn fyrsti formaður hins nýja Sjálfstæðisfélags. Undirbúningur er hafinn að gerð framboðslista fyrir kosningarnar í vor. Í síðustu kosningum náðu Sjálfstæðismenn 64% fylgi og fengu 5 menn kjörna í bæjarstjórn af 7. Í Sandgerði fengu Sjálfstæðismenn 17 % fylgi og fengu 1 fulltrúa í bæjarstjórn af 7.

Auglýst hefur verið eftir að áhugasamir gefi kost á sér á framboðslista. Skila þarf inn nafni í síðasta lagi 2.mars 2018.

## Fréttatilkynning frá Miðflokksfélagi Suðurkjördæmis vegna sveitarstjórnarkosninganna 2018

Stjórn Miðflokksfélags Suðurkjördæmis (MFS) hefur tekið ákvörðun um að bjóða fram í sveitarstjórnarkosningunum sem haldnar verða laugardaginn 26. maí n.k..

Þeir sem hafa áhuga á að gefa kost á sér á framboðslista flokksins í sínu sveitarfélagi eru vinsamlegast beðnir um að senda eftirfarandi upplýsingar á sudur@midflokksinn.is: nafn, heimilisfang, starfsheiti, símanúmer, netfang ásamt því sæti sem óskað er eftir. Lokafrestur til að skila inn framboðum er klukkan 12:00, laugardaginn 3. mars n.k..

Hrunamannahreppi, 18. febrúar 2018

Stjórn og varastjórn Miðflokksfélags Suðurkjördæmis,

Einar G. Harðarson, formaður - s.662 5599

Sigrún Gísladóttir Bates, varaformaður - s.896 4509.

## LEIÐARI

## Er Ásmundur Friðriksson þingmaður sá eini?

Mikið fjaðrafok hefur verið síðustu vikurnar vegna greiddra aksturspeninga til þingmanna. Inn í þessa umræðu hafa einnig komið ýmis sérskjör sem þingmenn njóta s.s. greiddur húsnæðiskostnaður o.fl.

Það hefur verið upplýst og Ásmundur þingmaður staðfest það að hann fékk um 4,6 milljónir króna fyrir akstur á síðasta ári. Vissulega ótrúlega mikill akstur. En þeir sem þekkja til Ásmundar vita að á ferðinni er ótrúlegur dugnaðforkur, sem leggur mikið upp úr því að vera í sambandi við sína kjósendur. Suðurkjördæmi er ansi stórt kjördæmi. Frá Garðskaga til Hornafjarðar eru 540 km. Þingmenn hafa val um það hvort þeir vilji halda tvö heimili eða aka á milli í vinnuna. Oddný G. Harðardóttir þingflokksformaður Samfylkingar hefur upplýst að það væri dýrara fyrir skattgreiðendur ef hún veldi að taka íbúð á leigu í Reykjavík í stað þess að aka á milli.

Að sjálfsögðu þarf alþingi að setja mun skýrari reglu hvaða ferðir um kjördæmið falla undir að greiða eigi fyrir. Það er t.d. ekki sanngjarnt að ríkissjóður greiði þingmönnum sem eru í prófkjörsbaráttu greislu fyrir akstur. Steingrímur J. forseti Alþingis vill reyndar telja þetta hluta af þingmannsstarfinu.

En þetta er ekki sanngjarnt gagnvart nýjum frambjóðendum. Ríkið er ekki tilbúið að greiða þeim frambjóðendum fyrir akstur um kjördæmið. Það er þá hlutverk stjórnvaldaflökkanna sjálfra að greiða fyrir það.

Nú mætti halda miðað við umfjöllun fjölmiðla og á netinu að Ásmundur Friðriksson væri eini þingmaðurinn sem hefði framvísað háum akstursreiknimngum. Það hefur ekki komið fram að akstursskýrslur Ásmundar standist ekki. Það er því óábyrgt að dæma hann án þess að nokkuð liggi að baki. Þingmenn senda allir inn reikninga vegna aksturs samkvæmt ákvörðun um hvað skuli greitt fyrir hvern km. Opinberir starfsmenn fá núna 110 krónur fyrir hvern greiddan km. Þingmenn hafa ekki fundið upp þessa tölu.

Að sjálfsögðu er það krafa almennings að upplýst verði hvaða fríðinda þingmenn njóta umfram fasta kaup sitt. Hvað fær hver þingmaður í greiddan aksturskostnað og yfirlit um þær ferðir. Hvað er greitt fyrir að halda tvö heimili og hvað er greitt fyrir aðra hluti.

Hvað fá þingmenn og ráðherrar greitt í dagpeninga og fyrir hvaða ferðir.

Það er ekki nóg að fjalla eingöngu um Ásmund Friðriksson. Það þarf að birta þennan lista a.m.k. tvö ár aftur í tímann. Ég er nú ekki alltaf sammála Helgu Völu þingmanni Samfylkingar, en það er rétt hjá henni að það er ekki bara nóg að vita um greiðslur til Ásmundar. Við þurfum að fá upplýsingar um alla þingmenn.

Samkvæmt fréttum er það nú ætlun Alþingis að birta upplýsingar en eingöngu frá síðustu áramótum. Það er engan veginn ásættanlegt. Almennir á heimtingu á að vita hvernig þessum aukagreiðslum til þingmanna er háttað a.m.k. síðustu tvö ár. Það á allt að vera upp á borði.

Það viðurkenna allir að það hlýtur að fylgja því aukinn kostnaður að vera landsbyggðarþingmaður. Alþingi þarf að finna skynsamlegar reglur til að greiða fyrir þann umframkostnað. Aðalatriði er að allar upplýsingar séu upp á borði. Fyrir hvað er verið að greiða.

Sigurður Jónsson

## Safnahelgi á Suðurnesjum Vogar

Safnahelgi á Suðurnesjum verður haldin dagana 10. og 11. mars. Ókeypis aðgangur verður á söfn á Suðurnesjum og fjölmargir menningarviðburðir í Garði, Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerði, og Vogum. Unnið er að skipulagningu dagskrár en meðal þess sem verður á döfnni í Vogum er málþing um Stefán Thorarensen. Hann var sveitarhöfðingi, prestur, sálmaskáld og menntafrömuður á 19. öld. Áætlað er að málþingið verði sunnu-

daginn 11. mars 2018 milli kl. 13 og 15.30 í Kálfatjarnarkirkju.

Einnig er áætlað að Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar bjóði gestum í skólasafnið í Norðurkotsskóla.

Dagskrá Safnahelgar verður vel kynnt á Suðurnesjum, m.a. á [www.safnahelgi.is](http://www.safnahelgi.is)



Taktu mynd af kallinum

gebilar  
"ADDAÐU"  
okkur á SNAPCHAT



## Aðalfundur FEBS

Aðalfundur Félags eldri borgara á Suðurnesjum fer fram föstudaginn 9. mars 2018 kl 16:00 á Nesvöllum.

Venjuleg aðalfundarstörf. Boðið upp á kaffi og meðlæti.

Eldri borgarar hvattir til að mæta.



ALÞJÓÐLEGA  
RÁÐNINGAÞJÓNUSTAN  
Starfsmannalausnir – Fyrir fyrirtækin í landinu

Beinar ráðningar til fyrirtækja  
Getum ráðið í flestar stöður

519-5444 · [recruitment@recruitment.is](mailto:recruitment@recruitment.is) · [Recruitment.is](http://Recruitment.is)



# GLUGGAR & GARDHÚS

Smiðsbúð 10 | 210 Garðabær | Sími: 554 4300 | Fax: 564 1187 | [solskalar@solskalar.is](mailto:solskalar@solskalar.is) | [www.solskalar.is](http://www.solskalar.is)



## Viðhaldsfrír gluggar, hurðir, rennihurðir, sólskálar og svalalokanir

 Yfir 80 litir í boði.

Nánari upplýsingar á [www.solskalar.is](http://www.solskalar.is)

Allar tæknilegar upplýsingar, snið og teikningar, eru fyrirliggjandi hjá okkur.

## Grátandi gluggar?

Er loftrakinn of hár! Þurrkaðu loftið.



Þurrktæki  
**Tilboð**  
frá kr  
**39.990**

## Gastæki

Einnota kútar  
Engin leiga

**Tilboð**  
kr  
**24.990**



## Hljóðlátir

100 mm


Blásarar

**Tilboð**  
frá kr  
**29.990**



## Þakblásarar

Mikið úrval af stærðum og gerðum.



## Loftræsting

Varmaendurvinnsla - orkusparnaður



## Hitablásari

Frábær í bílskúrinn

**Tilboð**  
frá kr  
**69.990**



## Hitavír

Í þakrennur eða vatnslagnir  
Selt í lausu eða í kittum.



**Verð**  
frá kr  
**1.450**

# íshúsið



# viftur.is

-andaðu léttar

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

# HVAÐA REGLUR GILDA UM GREIÐSLU FYRIR AKSTUR?

Að undanfögnu hefur mikil umræða farið fram um aksturskostnað alþingismanna. Suðurnesjablaðið leitaði til bæjarstjóra sveitarfélaganna á Suðurnesjum til að kanna hvernig

málum væri háttað varðandi greiðslu fyrir akstur á vegum sveitarfélagsins. Hvaða reglur gilda um aksturskostnað bæjarfulltrúa og æðstu embættismanna í þínu sveitarfélagi.

Sandgerði:

## Sameinast í bíla eftir aðstæðum

Hér í Sandgerði gildir eftirfarandi regla um aksturskostnað að bæjarfulltrúa:

"Ferðakostnaður vegna starfa á vegum sveitarfélagsins utan þess skal endurgreiddur samkvæmt akstursdagbók, skýrslu og/eða framlögðum reikningum og skal tilefni tilgreint. Við greiðslu skal miðað við aksturgjald ríkisstarfsmanna. Leitast skal við að gæta hagkvæmni við skipulag ferða, t.d. að sameinast í bíla eftir aðstæðum."

Starfsmenn fá endurgreiddan aksturskostnað skv. akstursskýrslu og starfsmenn sem aka mikið starfa sinna



vegna fá greidda upphæð sem nemur tilteknum km fjölda mánaðarlega.

Reykjanesbær:

## Hætti með fasta akstursstyrki

Reykjanesbær hætti að greiða fasta akstursstyrki til stjórnenda og almennra starfsmanna í lok árs 2014 og greiðir nú þeim, sem þurfa að aka vinnu sinnar vegna, skv. akstursdagbók í hverjum mánuði.

Starfsmenn, sem þurfa að aka vegna vinnu sinnar en geta ekki lagt til eigin bifreið, hafa aðgang að bílaleigubílum sem sveitarfélagið leigir til slíkra nota.



Garður:

## Akstursdagbók skýrsla eða reikningur

Eftirfarandi gildir um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn:

Ferðakostnaður vegna starfa á vegum sveitarfélagsins utan þess skal endurgreiddur samkvæmt akstursdagbók, skýrslu og/eða framlögðum reikningum og skal tilefni tilgreint. Við greiðslu skal miðað við aksturgjald ríkisstarfsmanna. Leitast skal við að gæta hagkvæmni við skipulag ferða, t.d. að sameinast í bíla eftir aðstæðum.

Hvað embættismenn sveitarfélagsins varðar, þá hefur bæjarstjóri afnot af bílaleigubíl til ferða vegna sinna starfa. Aðrir fá greiddan ferðakostnað

samkvæmt akstursdagbók eða ferðaskýrslu, miðað við aksturgjald ríkisstarfsmanna, enda sé tilefni tilgreint og samþykkt af yfirmanni.



Aflafréttir:

# Nýr bátur til Grindavíkur

Þegar þessi pistill kemur í hendur ykkar þá er einum versta febrúar mánuði í mörg ár lokid. Veðurfar þennan febrúar mánuði árið 2018 var vægast sagt hræðilegt og sjómenn á bátum herna sunnanlands í það minnsta á minni bátunum og dragnótabátunum voru meira að horfa á sjónvarpið eða lesa aflafréttir. is í tætlur enn að vinna á sjó.

Ef byrjað er á dragnótabátunum þá var þar frekar dapurt um að lítast. Benni Sæm GK með 27 tonn í 6 róðrum. Aðalbjörg RE 16 tonn í 3. Siggi Bjarna GK 12 tonn í 3. Sigurfari GK 10 tonn í 4. Nýr dragnótabátur hóf róðra frá Sandgerði í febrúar og heitir hann Kristbjörg ÁR. Sigurður Aðalsteins-son eða Siggi Alla á hann og gerir út í samstarfi með Kristjáni Kristjánssyni eða Krissi. Krissi er skipstjóri á bátunum. Þessi bátur hét áður Gulltoppur GK og var í eigu Stakkavíkur í Grindavík. Kristbjörg ÁR er með um 7 tonn í 2 róðrum.

Ög talandi um dragnótabátanna þá árið 2017 þá var Aðalbjörg RE með 918 tonn í 107 róðrum mest allt landað í Sandgerði. Benni Sæm GK 1021 tonn í 118 róðrum. Siggi Bjarna GK 1195 tonn í 124 róðrum og Sigurfari GK 1265 tonn í 118 róðrum. Njáll RE var líka gerður út og var aflinn hjá honum um 500 tonn árið 2017.

Stóru línubátarnir eru þeir einu sem eitthvað hafa geta verið að veiðum í þessum hörmungarmánuði og hafa þeir fiskað ansi vel. Sturla GK með 360 tonn í 3 róðrum og mest 146 tonn í einni löndun. Er þessi löndun Sturla GK stærsti línuróður skipsins. Fjölur GK 338 tonn í 3 og mest 131 tonn. Jóhanna Gísladóttir GK 327 tonn í 3 róðrum og mest 130 tonn. Valdimar GK 299 tonn í 4 og mest 105 tonn. Þessi 105 tonna róður er einn af örfáum 100 tonna róðrum sem að Valdimar GK hefur gert og var þessi afli fenginn á 4 dögum.

Sighvatur GK 278 tonn í 3 og mest 106 tonn. Kristín GK 276 tonn í 3. Hrafn GK 247 tonn í 4.

Ög af minni bátunum þá er Guðbjörg GK með 90 tonn í 11 og mest 23 tonn. Auður Vésteins SU 84 tonn í 10. Hafdís SU 63 tonn í 6 og mest 16 tonn. Óli á Stað GK 60 tonn í 6 og mest 20 tonn. Dóri GK 54 tonn í 7.

Árið 2017 þá var Jóhanna Gísladóttir GK aflahæstur allra línubáta á Íslandi með 4022 tonn í 41 löndun og var eini línubáturinn sem yfir 4000 tonninn komst. Á eftir honum kom



Páll Jónsson GK með 3739 tonn í 41. Fjölur GK 3588 tonn í 41. Sighvatur GK 3568 tonn í 43, allt eru þetta Vísis bátar. Sturla GK var með 3406 tonn í 44 og var því aflahæstur Þorbjarnar-bátanna. Kristín GK 3320 tonn í 43. Tómas Þorvaldsson GK 2721 tonn í 59. Hrafn GK 2432 tonn í 42 og Valdimar GK rak lestina með 1808 tonn í 32 róðrum.

Reyndar þarf að hafa í huga að Valdimar GK réri ekkert frá því í lok júní og alveg fram í byrjun október, enn báturinn lá í Hafnarfjarðarhöfn og verið var að vinna í rafkerfi skipsins og meðal annars setja stærri ljósavél í báttinn.

Af minni línubátunum þá var t.d. Auður Vésteins SU með 1811 tonn í 199 róðrum. Guðbjörg GK 1522 tonn í 199 róðrum. Hafdís SU 1190 tonn í 166. Gísli Súrsson GK 1798 tonn í 197 róðrum. Óli á Stað GK 933 tonn í 154. Andey GK 329 tonn í 96. Katrín GK 306 tonn í 79. Rán GK 124 tonn í 36.

Ög nýr bátur kom svo til Grindavíkur þegar loksins lægði og er það þriðji báturinn sem að Einhamar ehf á. Fékk hann nafnið Vésteinn GK. Ög hefur komist í eina sjóferð. Ög landað 9,4 tonn.

Þegar að netabátarnir hafa komist á sjóinn þá hafa þeir aflað ansi vel. Erling KE 144 tonn í 10 róðrum og mest 48 tonn. Grímsnes GK 131 tonn í 13. Maron GK 45 tonn í 13. Halldór Af GK 30 tonn í 11 og mest 6,4 tonn. Þorsteinn ÞH 26 tonn í 3. Allir þessir bátar nema Erling KE eru að veiða fyrir Hólmgrím. Hraunsvík GK 18 tonn í 5. Valþór GK 17 tonn í 12. Sævar KE 7,5 tonn í 5

Mars mánuður er framundan og undanfarin ár þá hefur sá mánuður verið einn stærsti aflamánuður ársins og ef veður verða góð þá má búast við miklu fjöri í næsta mánuði

Gísli R

## Járnabakkar Járnabindingavörur

**Erum með á lager  
allar helstu gerðir af járnabökkum**

- Bindivir 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10-50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

**Vír og lykkjur ehf**  
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is  
772-3200/692-8027



Grindavík:

## Samningur við bílaleigu

Hvað varðar aksturskostnað þá er Grindavíkurbær með samning við bílaleigu og ætlast er til að þeir bílar séu notaðir en ekki farið á eigin ökutæki.

Vogar:



## Fundarseta innifelur aksturskostnað

Greiðslur fyrir fundarsetu kjörinna fulltrúa innifela aksturskostnað. Með öðrum orðum, þá er ekki sérstaklega greitt fyrir akstur kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélagið lætur bæjarstjóra í té bifreið til afnota í starfi sínu, og greiðir rekstrarkostnað hennar.

Aðrir starfsmenn sveitarfélagsins fá ýmist greitt samkvæmt akstursbók eða nýta bifreið sveitarfélagsins til að sinna erindum sem tengjast starfi þeirra.

## Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

**Gæði • Þjónusta • Öryggi**

**Hitaveituskápar**  
Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smíðum við mikið af kóssum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.

**Gasskápar**  
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.  
Láttu ekki stela af þér kútunum!

**VTK BLIKKSMÍÐJA**

Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

# COROLLA

ÞANGAÐ SEM ÞIG LANGAR



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



Canon myndavél og ferð fyrir  
tvo til Evrópu fylgja með



Verð frá: 3.180.000 kr.

Það er engin tilviljun að Toyota Corolla er mest seldi bíll í heimi. Hann byggir á gömlum og traustum grunni, en breytist um leið í takt við tímann og tækninýjungar hverju sinni. Þess vegna eiga allar kynslóðir sína Corollu. Nú færð þú hana á góðu verði með veglegum kaupauka – **ferð til Evrópu fyrir tvo með Icelandair og Canon EOS 800D myndavél, alls að verðmæti 257.900 kr.**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fosnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

**origo.**



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is). Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



# Eldri borgurum fjölgar hratt

Á dögunum efndu Landsbankinn og Landsamband eldri borgara til upplýsingafundar um stöðu eldri borgarar og hvernig þeir verða sífellt fleiri hlutfallslega á næstu árum. Það er nausðynlegt að stjórnvöld geri sér grein fyrir stöðunni, til að hægt verði að sinna þessum hópi fólks.

Í dag eru 65 ára og eldri rúmlega 14% Íslendinga. Árið 2039 gerir Hagstofa Íslands ráð fyrir að hlutfallið verði komið yfir 20% og árið 2057 yfir 25%. Fjá árinu 2047 má reikna með að þeir sem eru 65 ára og eldri verði fleiri en þeir sem eru 19 ára og yngri sem er

öfugt miðað við það sem nú er. Eins og áður segir gengur þessi þróun hægar hér, t.d. verður þriðjungur Evrópubúa eldri en 65 ára en „einungis“ fjórðungur hér í kringum 2060. Þróunin heldur áfram upp á við, aldurslega séð. Þannig telja Sameinuðu þjóðirnar að fjöldi þeirra sem eru eldri en 85 ára muni aukast tvöfalt meira en þeirra sem eru eldri en 65 ára og 16 sinnum meira en mannfjöldinn allur á milli 2010 og 2050. Í kringum 2060 munu Íslendingar sem eru 75 ára og eldri verða jafnt stórt hlutfall þjóðarinnar og 65 ára og eldri eru í dag.

## Fleira en yngsti hópurinn

Árið 2050 verður eldra fólk fleira en yngsti hópurinn í fyrsta skipti í sögu okkar samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar.

## Miklu yngri en áður

Í dag er 65 ára gamalt fólk í rauninni miklu yngra og við betri heilsu en fyrri kynslóðir voru. Þeir sem hætta að vinna og fara á eftirlaun eru ekki eins „gamli“ og áður var. Eftir sem áður hefur lítil breyting orðið á hinni hefðbundnu vinnuævi.

## Tækniframfarir skapa launsir

Ymsar tækniframfarir hafa skapað launsir sem gera fólki kleift að búa lengur heima og viðhalda sjálfstæði sínu í stað þess að yfirgefa heimilið og flytja inn á einhvers konar stofnun.

# LAUNÞEGAR ERU FASTIR Í GILDRU


Á fundi Landsbankans og Landsambands eldri borgara sem nýlega fór fram flutti Sigríður Guðmundsdóttir, gjaldkeri LEB, eftirfarandi ræðu:

„Mér reiknast til að ég hafi borgað í þessa þrjá lífeyrissjóði í 41 ár reyndar voru þar af 5 ár sem ég var í 1/2 vinnu. Öll þessi ár sem ég var útvinnandi var ég á betri launum en margir aðrir, sem sagt, ég þótti vera á ágætis launum sem kona – já takið eftir sem kona, við konur höfum aldrei verið hátt skrifðar á launamarkaðnum. Á minnu vinnusvæði var og er ennþá yfirleitt borgað eftir taxta þó ASÍ vildi ekki viðurkenna það þegar ég eitt sinn benti þeim á það, þeir töldu að taxtinn væri bara viðmið sem enginn færi eftir, en það má lengi slá ryki í augu almúgans. Svæðið sem ég bý á er láglaunasvæði og lífeyrir okkar er reiknaður út frá þeim launum sem við fáum og borgum prósentu af.

Í dag sem eftirlaunaþegi fæ ég útborgað frá þessum þremur lífeyrissjóðum samanlagt 83.327 krónur að auki fæ ég úr Almannatryggingasjóðnum 175.727,-, samanlagt fæ ég 259.054 krónur fyrir skatt. Þetta eru allt nýjar tölur eftir síðustu hækkanir, en hugsid ykkur fyrir skatt, við erum látin borga skatt af þessari hungurlús. Það sem mér finnst óréttlátt er að eftir 41 árs greiðslur í lífeyrissjóði hafði ég þegar ég hætti að vinna 10 þúsund krónum meira en móðir mín sem hafði aldrei unnið úti. Við sem erum með þessar tekjur mánaðarlega erum á sama róli og þeir sem aldrei hafa greitt í lífeyrissjóð.

Ég ásamt fleirum héldum hér áður fyrr að flott trygging fyrir framfærslu efri árána væri komin til að vera, en í dag trúi ég ekki lengur á þetta ágæti. Góð vinkona mín missti maka sinn fyrir nokkrum árum og þá komumst við að því að stundum erum við hjón og stundum ekki, það fer eftir því hvað hentar hverju sinni. Hún fékk 50% af lífeyrir maka síns í þrjú ár og helminginn af þeirri upphæð næstu tvö ár þar á eftir og síðan ekki meir. Þetta var lífeyrir sem hann var búin að ávinna sér árin sem þau voru hjón, en hún fékk aðeins að njóta hluta af honum í fimm ár eftir andlátið. Spurning mín er, hvað varð af peningnum hans?

Launþegar eru fastir í gildru þar sem þeim ber skylda til að vera með og greiða í atvinnutengda lífeyrissjóði. Sömu aðilum er síðan gert að hætta opinberu starfi sjötugir, þrátt fyrir að vera við hestaheilsu og atvinnugetan fullnægjandi, en þá hefst martröð hjá mörgum. Lífeyrissjóðirnir eru allir reknir með óheyrilegum kostnaði sem er örugglega einn af nokkrum þáttum þess að greiðslur til eldri borgara rýrna og málið er líka kanski það, að hinir raunverulegu eigendur sjóðanna, fólkið í landinu, eru ekki með í rekstrinum til að halda hlutunum




í skefjun og til að sporna við allt of háum launagreiðslum og allskonar friðindum sem starfsfólk lífeyrissjóðanna hefur. Hverjir eru það t.d. sem ákveða þeirra laun og spöslur? Það er fjöldinn allur sem er á sama róli og ég gagnvart sínum eftirlaunum og sumir eru verr staddir.

Í Almannatryggingasjóð greiðum við öll frá unga aldri og gott og vel með það, en það á ekki að tekjutengja lífeyri. Við eigum að fá frá lífeyrissjóðunum okkar og Almannatryggingum það sem okkur ber án tengingar við annað. Hvernig í ósköpunum stendur á því að yfirvöld geta tekið lífeyrissparnað okkar eignarnámi og gert við hann sem þeim sýnist? Í 69 gr. Almannatryggingalaga stendur „Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 63 gr. og fjárhæðir skv. 22 gr. skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. (Tilvitnun í 63 gr. er vegna barnafólks.) Fólk á að fá að vinna eins lengi og það getur heilsunnar vegna og skattleggja á tekjurnar á eðlilegum nóttum og henda út þessu frítekjumarki nema þá kanski hjá öryrkjum sem geta því miður ekki allir stundað atvinnu. En gerum okkur líka grein fyrir því að þó að ellilífeyrir sé greiddur frá TR þá erum við eldri borgarar ekki þiggið, þetta eru peningar sem við höfum unnið okkur inn og eigum. Frítekjumarkið er til skammar fyrir forráðamenn þessarar þjóðar, þegar frítekjumarkið var 109 þúsund var launavísitalan 355,7. Síðast þegar ég vissi hafði hún hækkað um 75% þannig að við ættum að hafa 191.187 kr. á mánuði í frítekjur. Við vitum að því verður aldrei framfylgt, svo burtu með frítekjumark og allar tengingar við laun og launatengd gjöld.

Það er ekki góður vitnisburður fyrir ríkisstjórn okkar ef það spyrðist út, að ef ellilífeyrisþegar eiga ekki maka og eigin hífýli skuldlaus, þá værum við eldri borgarar þessa lands á vonarvöl í einu af ríkustu löndum heims“.

## Góugleði í Garði

Sunnudaginn 4.mars 2018 verður haldin Góugleði í Garði. Góugleðin hefst kl 15:00 og er í Samkomuhúsinu í Garði.



Kvenfélagið Gefn sér um kaffiveitingar. Suðurnesjamenn sjá um tónlistina.

Eldri borgarar hvattir til að mæta.

## Allt fyrir baðið!

**Sturtuveggir**  
Hert öryggisgler 8 og 10 mm.  
Breidd 70 til 120 cm.

**Line innréttingar**  
**Postulínshandlaugarborð.**  
Breidd 60, 70, 80, 90, 100 og 120 cm.  
Dýpt 36, 39 og 46 cm.



Ljósaspeglar og speglaskápar

Djúpar skúffur mikið geymslurými



Sturtuhorn með botni 6mm. öryggisgler 80x80 og 90x90 cm. verð frá 35.100



## Gæði og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18  
laugardaga 11 til 15  
Ármúla 31 - Sími 588 7332

# i-t.is



- fyrir þitt heimili



# Orðsþorið er besta auglýsingin

BÍLAKÓNGURINN, BREKKUSTÍG 40, NJARÐVÍK

**V**ið höfum lítið sem ekkert auglýst en fólk hefur verið ánægt með þjónustuna og vinnubrögðin og þess vegna fáum við sífellt meiri viðskipti. Við rétt svo önnur því sem til okkar berst núna en það kemur eflaust að því fljótlega að ég þarf að stækka við mig," segir Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem rekur bílaþjónustufyrirtækið Bíla-kóngurinn í Njarðvík og er annar af tveimur starfsmönnum fyrirtækisins.

Bíla-kóngurinn þrífur bíla að innan sem utan, framkvæmir lagfæringar eftir yfirborðsskemmdir og tekur bíla í mössun. „Þegar þú ert búinn að þrifa bílinn þinn með kústum í nokkur ár er lakkið orðið mjög matt. Möss-unin nær gljáanum upp aftur," segir Sveinbjörn.

„Fyrir utan þetta þá eru oft smárispur á bílunum og það sest bremsuryk á þá. Auk þess fer seltan mjög illa með bílana á veturna. Margir bílar ágerð 2016 eru mjög illa farnir. Þetta er mikil vinna, það þarf að vaka yfir þessu og sinna þessu af alúð og áhuga. En ég hef líka mjög gaman af vinnunni," segir Sveinbjörn en Bíla-kóngurinn fær mikið hrós frá viðskiptavinum fyrir vönduð vinnubrögð.

„Stundum hef ég þurft að rífa innréttingarnar út úr bílnum til að uppræta lykt því ef það hellist niður og mjólkinn eða kaffið komast inn í járníð þá hverfur lyktin ekkert þó að þú þrífir hann að innan.

Svo erum við með Nano Ceramic-vörn fyrir bílinn sem dugur allt að 3

til 5 ár. Það þarf að panta með viku fyrirvara mjög sterk efni með ábyrgð allan tímann ef farið eftir skilmálum."

Fyrir utan þessi hreinsunarverk-efni og endurbætur sem gera bílinn fallegan og aftur nýlegan í útliti þá sinnir Bíla-kóngurinn bremsuviðgerðum og skiptum á tímareimum.

Þó að meirihluti viðskiptavina Bíla-kóngrins séu af Suðurnesjum þá er hann með nokkra fasta viðskiptavini í Reykjavík sem gjarnan leita til hans í tengslum við utanlandsferðir. „Ég ek þeim á flugvöllinn og þegar þeir koma heim aftur skila ég bílnum til þeirra hreinum og fínum. Fyrir utan að þrifa bílinn geri ég það sem gera þarf miðað við aðstæður, stundum fer ég með þá í smurningu eða í skoðun," segir Sveinbjörn.

## Þjónusta við fyrirtæki

Bíla-kóngurinn sinnir reglulegri þjónustu fyrir bílaumboðin Öskju og K. Steinarsson. „Ég tek nýja bíla og geri klára fyrir viðskiptavinina og síðan tek ég notaða bíla, massa þá og þríf og geri þá fína fyrir endursölu." Bíla-kóngurinn vinnur einnig mikið fyrir bílaleiguna Blue og þjónustar bílaflotann hjá meirihlutanum af byggingarverktökum á Suðurnesjum.


Síðast en ekki síst er Bíla-kóngurinn með þvottastöð á hjólum sem notuð er til að þrifa plön fyrir framan verslanir og bílasölur.

Nánari upplýsingar veitir Sveinbjörn í síma 771-1449.

**bíland**  
REYKJANESBÆ



# GE BÍLAR



SUBARU Forester. Árgerð 2016, ekinn 90 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.** Rnr.203292.



TOYOTA Avensis \*dísel\*. Árgerð 2003, ekinn 391 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 480.000.** 100% LÁNAMÖGULEIKI



JAGUAR F-pace \*prestige\*. Árgerð 2017, ekinn 8 þ.KM, dísel, SSK 8 gírar. **Verð 8.980.000.** Rnr.761630.



LAND ROVER Range rover EVOQUE hse. Árgerð 2016, ekinn 29 þ.KM, dísel, SSK 9 gírar. **TILBOÐ Verð 8.290.000.**



BMW 5 520d xdrive. Árgerð 2014, ekinn 59 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 4.980.000.** Rnr.761627.



BMW X1 xdrive 18d. Árgerð 2016, ekinn 66 þ.KM, dísel, SSK 8 gírar. **Verð 4.280.000.** Rnr.761624.



NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2017, ekinn 16 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 4.190.000.** Rnr.203386.



NISSAN X-trail acenta 4x4. Árgerð 2016, ekinn 40 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.090.000.** Rnr.203250.



NISSAN Qashqai tekna. Árgerð 2016, ekinn 15 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 3.990.000.** Rnr.761579.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgerð 2017, ekinn 30 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.203229.



RENAULT Talisman. Árgerð 2017, ekinn 31 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 3.590.000.** Rnr.203414.



NISSAN Qashqai. Árgerð 2016, ekinn 71 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.390.000.** Rnr.761601.



RENAULT Kadjar \*zen 4wd\*. Árgerð 2016, ekinn 65 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.380.000.** Rnr.761623.



SUBARU Forester premium. Árgerð 2016, ekinn 86 þ.KM, dísel, SSK. **TILBOÐ Verð 3.290.000.**



RENAULT Talisman zen sport tourer. Árgerð 2017, ekinn 33 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.280.000.** Rnr.203243.



RENAULT Megane zen. Árgerð 2017, ekinn 29 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.203201.

## GE BÍLAR EHF - BOLAFÓTUR 1 - 260 REYKJANESBÆ



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgerð 2016, ekinn 65 þ.KM, dísel, 6 gírar. **TILBOÐ Verð 2.690.000.**



HYUNDAI I30. Árgerð 2015, ekinn 22 þ.KM, bensín, SSK. **Verð 2.690.000.** Rnr.203369.



FORD Mondeo. Árgerð 2014, ekinn 59 þ.KM, bensín, 6 gírar. **TILBOÐ Verð 2.690.000.** Rnr.761609.



NISSAN Juke. Árgerð 2015, ekinn 30 þ.KM, bensín, SSK. **Verð 2.580.000.** Rnr.203249.



NISSAN Pulsar. Árgerð 2016, ekinn 24 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.490.000.** Rnr.203443.



RENAULT Megane. Árgerð 2016, ekinn 18 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.480.000.** Rnr.761613.



NISSAN Pulsar \*acenta\*. Árgerð 2015, ekinn 27 þ.KM, bensín, SSK. **Verð 2.480.000.** Rnr.761638.



NISSAN Pulsar \*tekna\*. Árgerð 2015, ekinn 59 þ.KM, bensín, SSK. **Verð 2.440.000.** Rnr.761618.



RENAULT Captur. Árgerð 2015, ekinn 35 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 2.420.000.** Rnr.203317.



FORD Fiesta. Árgerð 2016, ekinn 41 þ.KM, bensín, SSK 6 gírar. **Verð 2.080.000.** Rnr.203445.



HYUNDAI ix20 comfort. Árgerð 2014, ekinn 43 þ.KM, bensín, SSK 4 gírar. **TILBOÐ Verð 1.990.000.**



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 54 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 1.980.000.** Rnr.202971.



NISSAN Note. Árgerð 2015, ekinn 46 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.880.000.** Rnr.761636.



DACIA Logan tourer. Árgerð 2015, ekinn 25 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.880.000.** Rnr.212527.



NISSAN Micra. Árgerð 2016, ekinn 17 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.690.000.** Rnr.203444.



VW Golf. Árgerð 2014, ekinn 58 þ.KM, bensín, 6 gírar. **TILBOÐ Verð 1.680.000.** Rnr.761616.



RENAULT Megane. Árgerð 2012, ekinn 48 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 1.680.000.** Rnr.761595.



RENAULT Megane tourer. Árgerð 2012, ekinn 78 þ.KM, dísel, SSK 6 gírar. **Verð 1.670.000.** Rnr.212549.



HYUNDAI i10 comfort. Árgerð 2016, ekinn 22 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.650.000.** Rnr.203449.



RENAULT Clio expression sport. Árgerð 2014, ekinn 66 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.640.000.** Rnr.761617.



RENAULT Clio \*authentic\*. Árgerð 2015, ekinn 45 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.480.000.** Rnr.761625.



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 44 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.480.000.** Rnr.203345.



SKODA Octavia \*combi classic\*. Árgerð 2012, ekinn 138 þ.KM, dísel, beinskiptur. **Verð 1.450.000.** Rnr.761622.



RENAULT Megane. Árgerð 2013, ekinn 123 þ.KM, dísel, SSK. **Verð 1.290.000.** Rnr.761594.



KIA Picanto. Árgerð 2014, ekinn 26 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.203441.



HYUNDAI i10. Árgerð 2014, ekinn 31 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.203372.



NISSAN Micra. Árgerð 2013, ekinn 68 þ.KM, bensín, BSK. **Verð 1.090.000.** **100% LÁNAMÖGULEIKI**



NISSAN Micra \*visia\*. Árgerð 2015, ekinn 56 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 980.000. TILBOÐ**

## Hvaðan mál brenna helst á Suðurnesjamönnum?

Þingmenn Suðurkjördæmis voru á dögnum í Kjördæmaviku, þar sem farið var um kjördæmið til að hitta kjósendur og kynna sér stöðu mála. Suðurnesja-

blaðið leitaði til þingmanna og bað þá að svara spurningunni, Hvaða mála brenna helst á Suðurnesjamönnum?

## Þjónustan verði í takt við íbúafjölda og aldurssamsetningu

Við Suðurnesjamenn verðum að standa saman um þá kröfu að heilbrigðisþjónusta, símenntun, skólar, samgöngur og þjónusta við þá sem eldri eru, þar með talin hjúkrunarrými, verði í takt við íbúafjölda og aldurssamsetningu og sambærileg við önnur landsvæði.

Í næstu ríkisfjármálaáætlun sem leggja á fram á Alþingi 1. apríl næstkomandi verður að sjá þessari sjálfsögðu kröfu stað. Þingmenn og sveitarstjórnarmenn úr öllum stjórn-málaflokkum verða að standa saman um þá kröfu og láta kröftuglega í sér heyra ef fjármálaáætlunin bætir ekki verulegu fjármagni í þjónustu ríkisins við íbúa Suðurnesja.

Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár, eða um tæplega 5.000 manns á sex árum, en hlutfallslega mest síðastliðin tvö ár. Slíkri fjölsfjölgun fylgja óhjákvæmilega margvíslegar áskoranir fyrir sveitarfélögin á svæðinu sem sveitarstjórnarmenn þurfa að takast á við, einkum hvað varðar næsþjónustuna. Stór hluti nýrra íbúa er af erlendu bergi brotinn, talar ekki íslensku og þarfnast af þeim sökum meiri aðstoðar. Fjölsfjölgunin reynir heilbrigðisþjónustuna og aðra innviði samfélagsins sem stöðu veikir fyrir þegar að herða tók á fjölsfjölguninni.

Samhliða fjölgun íbúa á svæðinu, sem skýrist fyrst og fremst af stórauðnum ferðamannastraumi til landsins og fjölgun starfa í tengslum við millilandaflug, hefur húsnæðis-skortur gert vart við sig. Sem dæmi má nefna að fjöldi íbúa á Ásbrú hefur tvöfaldast á undanförnum sex árum.

Bandaríkjaher yfirgaf herstöðina sem varð við það hverfi í Reykjanesbæ. Með lögum sem sett voru árið 2006 við brotthvarf hersins, var Reykjanesbæ gert skylt að gefa ríkinu afslátt af fasteignagjöldum vegna yfirgefna fasteigna frá hernum sem ríkið hafi eignast. Sá afsláttur taldi í árslok 2016 rúman hálfan

milljarð króna. Á sama tíma hefur ríkið selt eignir sem herinn skildi eftir, fyrir marga milljarða króna. Það kostar sitt að fara í nauðsynlegar framkvæmdir svo Ásbrú verði í raun aðlaðandi hverfi Reykjanesbæjar og eðlilegt að ríkið leggi þar sitt að mörkum og endurgreiði Reykjanesbæ í það minnsta afsláttinn í það verkefni.

Margt spennandi og jafnframt krefjandi blasið við sveitarstjórnarmönnum og íbúum nýja sveitarfélagsins sem verður til við sameiningu Garðs og Sandgerðis. Þar þarf að huga að skipulagi sem gerir ráð fyrir heildarsýn á nýjan bæ og umhverfi sem flýtir því aðlögunarferli sem bíður vegna sameiningarinnar. Huga þarf ekki síður að íbúunum á öllum aldri, svo sem félagsþjónustu, skólastarfi, íþróttum og tómstundastarfi. Ég hlakka til að fylgjast með og búa í nýja bænum sem vex á tveimur styrkum en um margt ólíkum stöðum og hvet sveitarstjórnarmenn til að skila af metnaði því verki sem að þeim snýr.

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi



## Samgöngumálin og fjárframlög

Það varð nú ekki eins mikið úr kjördæmavikunni eins og ég vonaðist til. Veðrið var snarviltlaust og þeir fundir sem ég var búin að skipuleggja austur í kjördæminu fóru fyrir lítið. Ég náði þó að halda fund í Reykjanesbæ. Þar brunnu samgöngumálin helst á fólki sem og fjárframlög ríkisins til opinberra

stofnana á svæðinu. Þau virðast ekki þróast í samræmi við fjölsfjölgun. Í því samhengi má geta þess að Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og byggðamálaráðherra, hefur sett af stað vinnu við gerð frumvarps sem miðar að því að skilgreina sérstök vaxtasvæði, líkt og gert er á hinum Norðurlöndunum, þ.e. þegar fjölsfjölgun fer yfir skilgreind mörk. Í slíkum tilfellum bregðist ríkisvaldið þá við, m.a. varðandi framlög til stofnana og annarra innviða á þeim svæðum.

Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokks



# TÍMI SUÐURNESJA HLYTUR AÐ VERA KOMINN

Vandamálin á Suðurnesjum eru margskýns. Ég heyrir frá fólki á svæðinu að það hefur áhyggjur af fjársvelli heilbrigðisþjónustunar, vandamál við öryggi og viðhald á vegum þar sem 15.000 til 20.000 bílar fara um á dag, skort á félagslegri þjónustu og húsnæðisvanda - álíka vandamál og víða annarstaðar á landinu. Vandamál sem munu ekki leysa sig sjálf, þótt lausnirnar séu augljósar og einfaldar í framkvæmd. En í ofanálæg talar fólk um fjárhagsvanda Reykjanesbæjar, og skipulagsleysi og skort á framtíðarsýn í atvinnumálum svæðisins, þó ferðaþjónustan hafi reddað atvinnumálum fyrir horn í bili. Öll þessi vandamál á að vera hægt að laga ef fólkið sem getur lagað þau myndi beita sér af alvöru, en fólk er orðið langþreytt á að biða milli vonar og óvonar eftir aðgerðum hjá ríkinu og sveitarfélögum.

Efnahagsástandið er gott að mörgu leyti, en við sitjum eftir með áratuglanga arfleidd pólitískrar stefnu, bæði á Suðurnesjum og á landsvisu, sem snýst um að gera sem minnst og fegra aðgerðarleysið sem mest. Með því að grafa undan stofnunum og grunnstöðum samfélagsins átti að skapast ráðrúm fyrir einhverja snillinga til að stíga inn í og græða? Snillinga sem hefðu þess í stað getað byggt eitthvað nýtt á þeim grunni sem fyrir var. Í

raunveruleikanum þýðir þetta að í stað framþróunar hefur verið stöðnun meðan öryggið minnkar og streitan og álagið á venjulegt fólk verður meira með hverju árinu.

Öll áhyggjuefnin á Suðurnesjum eru sprottin að einhverju leyti frá þessari rót. Í stað þess að ganga í verk-in er röflað um eitthvað allt annað. En til að sanngirnissé gætt hafa verið mörg raunveruleg vandamál sem hafa tafið líka. Fjárhagur Reykjanesbæjar hefur til dæmis verið í svo agalegu ástandi eftir fjárglæfrabrot meirihluta Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma að það hefur beinlínis þurft sérákvæði í lögum um útsvar til að reyna að laga ástandið. Meðan sveitarfélög standa sig illa fjárhagslega er ekki nema von að vandamál sveitarstjórnarstígsins standi eftir ólagfærð.

En nú þegar uppgangur er í hagkerfinu, hagvöxtur fer himinskaumt, skuldirnar eru orðnar minni og hið margumrædda svigrúm orðið meira, þá er kannski allt í lagi að bæði ríkið og sveitarfélögin slái nýjan tón, styrki grunnstöðirnar og vinni markvisst að málunum sem framundan eru. Íbúar á Suðurnesjum eiga þó enn eftir að sjá ágóða af sölu eigna á Ásbrú og lengir eftir því að sitja við sama borð og aðrir landshlutar við úthlutun fjármagns.

Skref í rétta átt væri að fullfjár-



magna nýja samgönguáætlun, sem Samgönguráðherra hefur boðað að verði ekki einu sinni kynnt fyrr en í haust? Slík á þolinmæðin að vera. Annað skref væri heildstæð heilbrigðisáætlun sem skilgreinir hlutverk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja með nákvæmum hætti og tryggir að viðeigandi fjármagn skili sér. Þá þarf einnig að endurskoða allan fjárstuðning ríkisins við sveitarfélög, enda getur það varla verið tilviljun hve mörg sveitarfélög eru í vanda stödd og hafa þurft að selja frá sér innviði.

Vandamál eru til að laga þau, og tími Suðurnesjanna hlýtur að vera kominn.

Smári McCarthy þingmaður Pírata

## Fjárveitingar hins opinbera ekki fylgt íbúafjölgun

Undirritaður fór víða um kjördæmið í nýliðinni kjördæmaviku. Hélt fundi á Höfn, Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal og í Vestmannaeyjum. Síðustu tveir dagar vikunnar voru síðan nýttir hér á Suðurnesjum þar sem fyrirtæki og stofnanir voru heimsótt. Kjördæmavikan er góð leið til þess að eiga samtál við íbúana um stjórnmálin og það sem fólki liggur almennt á hjarta í hinum ýmsu málaflokkum.

Á Suðurnesjum ræddu margir um þau áhrif sem hin mikla fjölsfjölgun á svæðinu hefur haft, en á sl. 6 árum hefur íbúum fjölgað um 22% í Reykjanesbæ. Árið 2017 var fjölgunin 9%. Skiljanlega hefur þetta valdið miklu álagi á ýmsa þjónustubætti og húsnæðismarkaðinn. Sveitarfélögin hafa staðið sig vel undir þessum forðumalausum aðstæðum. Ekki er hægt að segja það sama um stjórnvöld en fjárveitingar hins opinbera til ýmissa opinberra stofnana á Suðurnesjum hafa ekki fylgt íbúafjölguninni. Þessu verður að breyta og má geta þess að undirritaður lagði til aukafjárveitingar til Suðurnesja við afgreiðslu fjárlaga fyrir júl. Tillagan var því miður felld m.a. af þingmönnum búsettum á Suðurnesjum.

Húsnæðismálin eru ofarlega í huga margra og sérstaklega yngra fólks. Margir kvarta undan vaxtabirgðinni og verðtryggingunni. Það er brýnt að afnema verðtrygginguna og lækka hér vaxtastigið. Ríkisfjármálastefnan hefur áhrif á vaxtastigið. Seðlabankinn gefur ríkisstjórninni ekki háa einkunn hvað aðhald í ríkisfjármálum varðar. Minnkandi aðhald þýðir hærri vexti, styrkari krónu og aukna stýrivexti. Þetta er eitthvað sem almenningur þarf ekki á að halda og er þvert á gefin loforð stjórnarflokkana fyrir kosn-

ingar. Uppstokkun á fjármálakerfinu, sem Miðflokkurinn hefur lagt ríka áherslu á, er mikilvæg leið til þess að ná hér niður vöxtum. Ríkisstjórnin virðist hins vegar ekki hafa mikinn áhuga á að stokka þetta kerfi upp, kerfi sem vinnur gegn almenningi. Það birtist okkur greinilega í Arion banka málinu, þar sem vogunarsjóðir fá að leika lausum hala og maka krókinn með kaupum á hlut ríkisins í bankanum á útsölu.

Málefni löggæslunnar bar nokkuð á góma og sú staðreynd að mikil fjölgun ferðamanna, erlendra starfsmanna og hælsleitenda hefur gert það að verkum að almenn löggæsla hefur setið á hakanum vegna manneklu. Fjárveitingar til lögreglunnar hafa ekki aukist í takt við aukin verkefni. Árið 2007 voru ársverk í almennri deild lögreglunnar 46. Árið 2017 eru þau hins vegar færri eða 40. Það sjá það allir að þetta er óþóðlegt.

Heilbrigðisstofnunin er að sjálf-sögu mikilvæg í huga fólks og því miður er hún ein af þeim opinberu stofnunum hér á Suðurnesjum sem fær hlufallslega lægri fjárveitingar en sambærilegar stofnanir á landsbyggðinni. Það er brýnt að leiðrétta ranglætið í þessum efnunum og hefur undirritaður barist fyrir því í fjárlaganefnd.

Á Suðurnesjum er hlutfall erlenda ríkisborgara um 20% og fer hækkandi. Á leikskólum í Reykjanesbæ eru tölur yfir 30 tungumál. Brýnt er að gera rannsóknir á áhrifum þessa á samfélagið í heild. Ég spjallaði við nokkra erlenda byggingaverkamenn og kvörtuðu þeir yfir því að kjör þeirra væru lakari en Íslendinga. Erlent verkafólk er okkur mikilvægt, greiðir skatta hér og er stór þáttur í hagsveiflunni. Því miður heyrir maður of oft af því að erlendir starfsmenn séu hlunnfarnir um

laun. Á síðasta ári sendi eitt af stóru verkalyðsfélögum kröfur á atvinnurekendur vegna vangoldinna launa verkafólks fyrir 1 milljarð króna. Þetta er alvarlegt vandamál hér á landi og verður ríkissjóður af miklum tekjum. Ég er með í smíðum lagafrumvarp þar sem tekið verður á þessu vandamáli.

Á stærsta vinnustaðnum á Suðurnesjum, flugskýli Flugleiða, fékk ég góðar móttökur. Þar starfa rúmlega 300 manns. Fyrir skömmu var stækkun flugskýlisins tekin í notkun og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Mikil þekking er á þessu sviði á Íslandi. Afleidd störf eru fjölmörg innan greinarinnar og mikil tækifæri í viðhaldsþjónustu erlendra flugvéla og nýsköpun. Í samtölum mínum við starfsmenn kom m.a. fram að hlúa þyrfti betur að iðnnámi og tengja það greinunum. Bjartsýni ríkir meðal þessa frábæra starfsfólks sem þarna vinnur. Margt fleira mætti nefna hér en bíður betri tíma. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu Suðurnesjamönnum sem hafa hvatt mig til góðra verka í stjórnmálum eftir að ég settist á þing í desember síðastliðnum. Velkomið að hafa samband; birgirth@althingi.is

Birgir Þórarinnsson þingmaður Miðflokksins



Ari Trausti Guðmundsson

# Byggðir í örum vexti: Stiklað á stóru

Byggðirnar á Reykjanesskaga vestan Hafnarfjarðar hafa stækkað hraðar en flestar aðrar í landinu. Íbúum fjölga víðast hvar hratt og hlutfall erlendra ríkisborgara hækkar. Okkur vantar fleiri hendur og huga, víða um land.

Ólíkt stendur á um sumt með byggðunum á Reykjanesskaga en nálægðin við alþjóðaflugvöllinn ræður miklu og meiri fjölbreytni í atvinnu en áður stendur til boða.

Í snörpum heimsóknum fyrir skömmu, einkum til sveitarstjóra á Suðurnesjum, barst talið víða en tiltekin verkefni standa þó upp úr: Samgöngur, heilbrigðisþjónusta, orkumál, framtíð flugvallarins, aukid húsnæði og hafnarmál. Einboðið er að endurskoða verður framlög ríkisins til þjónustusviða bæjarfélaganna vegna fordæmalitillrar íbúafjölgunar. Þau hafa ekki fylgt breytingunum.

Í Reykjanesbæ fléttast framtíð iðnaðarsvæðisins í Helguvík inn í rekstur hafnarinnar. Ójóst má telja hvort stórgallað hrákísilver United Silicon verður starfhæft án fyrri mengunar eða lagt niður með öllu. Einnig er óljóst hvað hrákísilveri Thorsil líður. Önnur úrræði á iðnaðarsvæðinu eru í skoðun.

Reykjanesbær horfir til eflrar heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og skólamála og þar mátti líka heyra um nauðsyn þess að setja á stofn fjölmenningssetur, líkt og á Ísafirði. Sveitarfélögin og hagsmunaaðilar sameinast svo um

að leita samvinnu við ríkið um að skipuleggja kragann um alþjóðaflugvöllinn, frá Ásbrú að athafnasvæðinu við Leifsstöð. Það er afar stórt verkefni.

## Á AÐ NOTA NAFNIÐ SUÐURNES Á NÝJA SVEITARFÉLAGIÐ?

Bæjarráð Reykjanesbæjar bókadi á fundi sínum 22.febrúar s.l að það gerir ekki athugasemd við að nota nafnið Suðurnes. Samkvæmt upplýsingum sem Suðurnesjablaðið aflaði er beiðnin sendi til bæjarráðs Reykjanesbæjar vegna hugmynda að nota nafnið Suðurnes í heiti á nýja sveitarfélaginu sem verður til við sameiningu Garðs og Sandgerðis. Spurning hvort það verður þá Sveitarfélagið Suðurnes, Suðurnesjabær eða



Jarðvangurinn er ágætt dæmi um góða samvinnu bæjarfélaga á Suðurnesjum.

Nýja bæjarfélagið, Sandgerði-Garður, hlýtur brátt heiti og þar vekur athygli að unnið er að framsækinni umhverfis- og loftlagsstefnu, en meðal mikilvægra annarra verkefna má nefna frárennsli og óskir um að nærþjónusta á borð við heilsugæslu og umönnun aldraðra geti færst að hluta til þessa 3.400 manna sveitarfélags.

Varla þarf að minna á tvöföldun Reykjanesbrautar en hana telja Suðurnesjamenn auðvitað eitt af forgangsmálum sem hefjast verður handa við að leysa, rétt eins og gert hefur verið við Grindavíkurveg sem heimamenn fagna. Í Grindavík er m.a. lögð áhersla á að ljúka endurbótum á höfninni og þar kallar ágangur sjávar á aðgerðir.

Voga náði ég ekki að heimsækja vegna veðurtafa en úr því bæti ég við fyrsta tækifæri.

*Höfundur er þingmaður VG í Suðurkjördæmi*



Suðurnesjabyggð. Reyndar var um það rétt að íbúar fengju að kjósa um nýtt nafn á sveitarfélagið.

# Efling löggæslu, samgöngumálin og heilbrigðismálin

Það sem er stærsta vandamálið og jafnframt það gleðilegasta er sú gífurlega fjölgun íbúa sem orðið hefur á Suðurnesjum síðustu árin og vitnar um gott atvinnuástand. Þessi fjölgun er langt umfram allt sem kallast getur landsmeðaltal. Að kalla þetta vandamál er vegna þess að ríkið hefur ekki beint fjármunum á svæðið í neinu samræmi við þessa miklu fjölgun íbúa. Hér undir falla fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála, löggæslumála, mál-efni framhaldsskóla og samgöngumála. Þar er allt á sama veginn, öll þessi starfsemi er rekin miðað við einhverja allt aðra tíma og er það samdóma álit allra þeirra Suðurnesjanna sem ég hef hitt að þetta verði að



leiðrétta og það strax. Svæðið verður að njóta sammælis í ríkisrekstrinum.

Ég hef lengi talað fyrir eflingu löggæslu, þar sem brýnasta verkefnið er að fjölga almennum lögreglumönnum og auka þannig almennt og sýnilegt eftirlit lögreglu á Suðurnesjum.

Samgöngur eru kannski það mál sem oftast ber á góma í samræðum við íbúa. Ljóst er að mjög mörg brýn verkefni í vegagerð eru á samgönguáætlun, en gallinn er einungis að sú áætlun er stórlega vanfjármögnuð um heila 7 milljarða og plaggið því verðlitið. Afar brýnt er að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar alla leið frá Kaplakrika að flugstöðinni. Grindavíkurvegurinn er svo annað mál sem við þingmenn Suðurkjördæmis sameinuðumst um að setja í forgang við afgreiðslu fjárlaga og tókst að fá 200 milljónir í það verkefni. Þó það sé ekki stór upphæð tryggir hún að vegagerð á þessari leið komist á dagskrá og er undirritaður afar þakklátur fyrir að samstaða hafi tekist meðal allra þingmanna kjördæmisins með þetta verkefni.

Þriðja málið sem ég vil nefna eru heilbrigðismálin og átti ég afar gagnlegan fund með forstjóra HSS, Halldóri Jónssyni í kjördæmavíkinni. Stærsta málið fyrir HSS er að tryggja öryggi og festu í starfseminni með það fyrir augum að tryggja öryggi sjúklinga og góðar aðstæður fyrir starfsfólk. Nauðsynlegt er að skilgreina vel þau verkefni sem sjúkrastofnunum á landsbyggðinni er ætlað að sinna, þar á meðal með hugsanlega sérhæfingu á einstökum sviðum fyrir augum.

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ljúka þessu yfirliti á því að minnast á vanfjármögnun Fjölbautarskóla Suðurnesja, sem eins og aðrar stofnanir á Suðurnesjum má búa við það að vera á hungurmörkum í fjárveitingum og mega sæta því að fá fjárveitingar sem gera ekki nema rétt að seðja sárasta hungrið.

*Karl Gauti Hjaltason  
alþingismaður Flokks fólksins í Suðurkjördæmi*

## Samgöngurnar, löggæslan og heilsugæslan komin að þolmörkum

Þingmenn Suðurkjördæmis voru á dögum í Kjördæmavík, þar sem farið var um kjördæmið til að hitta kjósendur og kynna sér stöðu mála. Suðurnesjablaðið leitaði til þingmanna og bað þá að svara spurningunni, Hvaða mála brenna helst á Suðurnesjamönnum?

Sú fordæmalaus íbúafjölgun sem hefur verið hér á Suðurnesjum undanfarin ár, og er fyrirsjáanleg þau næstu, bar helst á góma. Á sama tíma fjölga ferðamönnum mikið, bæði þeim sem koma um flugvöllinn og þeim sem ákveða að stoppa lengur og ferðast um Reykjanesið.

Þetta reynir allt á innviðina og grunnþjónustuna. Það er sameiginlegt verkefni okkar þingmannanna og sveitastjórna að upplýsa um þessa

stöðu þannig að hægt verði að taka tillit til hennar við gerð fjármálaáætlunar og í fjárlagavinnunni. Það er ljóst að samgöngurnar, löggæslan og heilsugæslan eru komin að þolmörkum. Þessa grunnþjónustubætti þarf að efla í takt við þann uppgang sem er í samfélaginu okkar hér á Suðurnesjum.

Menntamálin komu líka mikið við sögu. Við höfum Fisktækniskólann í Grindavík sem er að gera góða hluti út um allt land. Það hefur verið erfitt að fá að þróa þann skóla áfram vegna tregðu kerfisins. Einnig má segja að sú tregða sé til staðar hvað varðar Keilir, en þessir tveir skólar virðast ekki fá að sitja við sama borð og aðrar menntastofnanir. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum hefur mikilvægu hlutverki að gegna, sérstaklega núna þegar svo miklar breytingar eiga sér stað í atvinnulífinu. Á slíkum tímum er mikilvægt að fólk sem hefur verið lengi á vinnumarkaðnum geti endurmenntað sig að breyttum vinnumarkaði. Við síð-

ustu fjárlagagerð tókst okkur að fá fjármagn til að byggja við Fjölbautaskóla Suðurnesja, en þar þarf einnig að tryggja að skólinn haldi sínum nemendaígildum þar sem aðsókn í skólann hefur alltaf verið mikil og út af íbúafjölguninni sem á sér stað nú.

Þá ræddum við líka mikið framtíðarskipulag svæðisins, landnotkun, stefnumörkun og öll þau tækifæri sem hér eru. Atvinnulífið er á fullri ferð hér, en erum við nokkuð með öll egginn í sömu flugvallarkörfunni? Mikilvægt er að koma á samtali á milli sveitafélaganna og ríkisins með aðkomu ISAVIA og KADECO hvað varðar framtíðarplan fyrir svæðið. Öll þessi þróun þarf að fara fram með langtímahagsmuni samfélagsins hér á Suðurnesjum að leiðarljósi. Öll er þessi starfsemi innan UNESCO vottuðum Reykjanes-Geopark sem við viljum hlúa að og nota til að virðisauka það sem við höfum upp á að bjóða.

*Vilhjálmur Árnason þingmaður Sjálfstæðisflokksins*

# LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

í vefnsófa frá Lúr

## LÚR

BETRI HVÍLD

**VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN**

Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
Sími: 554 6969  
www.lur.is



## MARGT Á DÖFINNI

**B**að er margt framundan hjá Norræna félaginu í Garði. Norrænt bollukaffi var nýlega í Sandgerði. Fréttabréf kemur út 23.mars 2018. Þann 4.mái er vorferð til Viðeyjar. Þann 10.-13.mái eru Norrænar dagar í Nybro Svíþjóð. Þann 2.júní n.k. er aðalfundur félagsins og þann 9.júní er sumarhátíð deildanna á Suðurnesjum, sem fram fer í Garðinum að þessu sinni. Formaður deildarinnar í Garði er Erna M. Sveinbjarnardóttir.



Myndirnar eru frá bollukaffinu.

## Ný bók fyrir krakka

**L**ærðu að láta þér líða vel og vera í jafnvægi" er heiti á bók sem Skrudda hefur gefið út.

Bókin er sérstaklega skrifuð fyrir krakka sem eiga erfitt með tilfinningastjórnun en glíma e.t.v. líka við áhyggjur, hvatvísi, vanlíðan, lítið sjálfs-traust og ónóga samskiptafærni.

Bókin gefur börnum hagnýt ráð og kennir aðferðir til að átta sig á vandnum, koma auga á styrkleika og veikleika í eigin fari og finna lausnir. Foreldrar fá líka leiðbeiningar um hvernig



þeir og aðrir fullorðnir geta stutt börnin í að taka á erfiðleikum sínum.

Bókin er eftir Kathleen G. Nadeau og Judith M. Glasser en Gyða Haraldsdóttir íslenskaði.

# Garður þarf að greiða rúmar 10 milljónir

**A**fundi bæjarráðs Garðs þann 15.febrúar s.l. var Lagður fram dómur Hæstaréttar dags. 8. febrúar 2018, þar sem sveitarfélagið er dæmt til að greiða fyrrverandi deildarstjóra Gerðaskóla biðlaun vegna niðurlagningar stöðu hans sem deildarstjóra árið 2015. Á sama fundi var lögð fram til-

laga um viðauka við Fjárhagsáætlun 2018 vegna dóms Hæstaréttar. Til laga um viðauka við fjárhagsáætlun 2018 að fjárhæð alls kr. 10.108.153, vegna dóms Hæstaréttar, Viðaukinn samþykktur samhljóða.



## SPARIDAGAR OG UNAÐSDAGAR

**F**erðanefnd Félags eldri borgara á Suðurnesjum vekur athygli á eftirfarandi vorferðum.

Unaðsdagar í Stykkishólmi.

Dvalið er á Fosshótel Stykkishólmi. Dagsetningar í boði: 19. – 23. Mars og 9. – 13.apríl 2018.

Verð án rútu kr. 49.900 á mann. Allt innifalið á hótlinu.

Sparidagar í Hveragerði

Dvalið er á Hótel Örk. Dagsetningar í boði 4þ-9. Mars, 18.-23.mars og 29.apríl -m 4.mái 2018

Morgunmatur og kvöldmatur innifalin á hótlinu,

Verð án rútu kr. 52.000 á mann.

Ferðanefnd vill kanna hvað félögum okkar líst best á, bæði hvaða varðar hvert á að fara og hvaða dagsetning hentar best.

Nánari upplýsingar:

Brynja Pétursdóttir sími 422-7177 og Margrét R. Gísladóttir sími 896-3173.



## Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

## Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

# Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718  
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

# HÉR DRÝPUR SMJÖR AF HVERJU STRÁI

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Suðurnesjum með samflokksmönnum okkar í sveitarstjórnnum á Suðurnesjum að þessu sinni. Auk þess sem við heimsóttum fyrirtæki og stofnanir.

Við hófum heimsóknir á Suðurnesjum í Fisktækniskólanum í Grindavík sem er afar mikilvægur hlekkur milli atvinnulífs og þeirra sem vilja bæta þekkingu sína og hæfni í fjölbreyttum störfum sem snúa að vinnslu og veiðum. Það hefur verið barátta að koma skólanum á þann stað sem hann er nú og það þarf áfram að hlúa að starfsemi hans og tryggja skólanum rekstarfé. Það eru áhugasamir stjórnendur og kennarar sem standa vörð um skólann sem teygir starfsemi sína víða um landið með námskeiðum og fjarnámi sem er afar vel þökkað.

Þá litum við inn hjá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, KAECO og Keili á Ásbrú. Hjá Keili er rekið metnaðarfullt skólastarf, ólíkt öðru sem þekkist hér á landi og fjölbreytnin er mikil. Þar er líka mikilvægt að staðið sé betur að starfsemiinni að hálfu ríkisvaldsins og samstaða meðal þingmanna að svo verði gert. Hjá KADECO er í óljós og mikilvægt að fá svör við því hvað verður um starfsemi félagsins sem hefur unnið magnað kraftaverk á uppbyggingu á Ásbrú. Nú þegar hafa nær allar eignir ríkisins verið seldar og mikil og blómleg starfsemi fyrirtækja, skóla og íbúa þrífst í hverfi sem margir vildu jafna við jörðu þegar herinn yfirgaf landið 2006. Á svæðinu eru verðmætustu atvinnusvæði og framtíðarlóðir þessa lands og mikilvægt að vel takist til með skipulagningu og val á starfsemi inn á Ásbrú norður og umhverfis flugvallarsvæðið. Hjá SSS eru almenningssamgöngur, fjölgun íbúa, Heklan, heilbrigðisþjónusta og Reykjanes geopark stærstu málin sem þar eru í vinnslu eins og er.

Það má segja að í hnotskurn séu málefni sem snúa að fjölgun íbúa, aukið fjármagn til heilbrigðisþjónustunnar og samgöngumáli sem eru stærstu málin á Suðurnesjum í nánustu framtíð. Hér hefur íbúafjölgun verið með algjörum ólíkindum og fjölgaði íbúum í Reykjanesbæ um 2700 manns á árinu 2017 sem er nánast eins og íbúatalan í nýju sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis. Þessi gríðarlega fjölgun hefur í för með sér mikla vaxtarverki sem birtast í því að fjármagn til opinberrar þjónustu fylgir ekki hraðri fjölgun íbúa á svæðinu og samgöngumálin eru gríðarlega mikilvæg. Þar er Grindavíkurvegur og það mikilvæga verkefni að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautar og tengja Hafnarveg við hringtorgið við Fitjar sem lokið verður við á þessu ári.

Í þeim framtíðaráætlunum sem lagaðar hafa veið fram kemur í ljós að íbúar á Suðurnesjum verða orðnir 50 þúsund árið 2040 og til þess tíma fjölgi störum á Keflavíkurflugvelli að jafnaði um 400 manns á ári. Þessu fylgja gríðarlegar áskoranir sem bregðast þarf við með uppbyggingu nýrra íbúðasvæða, skóla og allri grunnþjónustu sem slíkur fjöldi kallar á. Til upplýsinga má benda á að störfum á Keflavíkurflugvelli fjölgaði um 1705 á árinu 2016 sem er nær helmingur að nýliðun á vinnumarkaði hvers árs af Íslendingum en nýliðunin er um 4000 manns á ári.

Það er því í senn spennandi tímur framundan og mikilvægt að við stöndum vörð um þá uppbyggingu og þjónustu sem hér er kallað á og þar verður fjárveitingavalðið að skila sínu og við þingmenn að standa í lappirnar og fylgja efir þeim tækifærum sem hér eru við hvert fótíð.

Þetta rifjar það upp fyrir mér að þegar ég var bæjarstjóri í Garðinum 2009-2013 þá sagði ég gjarnan að á Suðurnesjum drjúpi smjör af hverju strái og tækifærin væru við hvert fótíð hjá dugmiklu og góðu fólki. Þá var hér gríðarlegt atvinnuleysi en þá sá enginn fyrir að hingað kæmi stofn uppsjávarfisks, og hleypri nýju blóði í sjávarútveginn og Eyjafjallagöng sem fjölgaði ferðamönnum úr 350 þúsund í 2.2 milljónir eða fimmföldun á örfáum árum.

Ásmundur Friðriksson þingmaður Sjálfstæðisflokksins



# Rokkhljómsveit úr Garðinum í Hörpu

Rokkhljómsveit tónlistarskólans í Eldborg í menningarhúsinu Hörpu.

Rokkhljómsveit Tónlistarskólans í Garði fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi flutning á svæðistónleikum Nótunnar fyrir Suðurland-Suðurnes og Kragann síðastliðinn laugardag í Salnum Kópavogi. Strákarnir fluttu lagið Watermelon Man eftir Herbie Hancock. Hljómsveitina skipa Alexander Franzson trommur, Helgi Líndal Elíasson gítar, Hólmar Ingi Sigurgeirsson gítar og Magnús Fannar Birgisson bassa.

Með frábærri frammistöðu sinni



unnu strákarnir sér inn þátttökurétt á lokahátíð Nótunnar sem verður haldin 4. mars í Eldborgarsal Hörpu.

Takið daginn frá og fjölmönnum í Eldborg þann 4. mars og hvetjum okkar menn. (Heimasíða Garðs)

# Framboðslisti Samfylkingarinnar og óháðra í Reykjanesbæ 2018

- 1. Friðjón Einarsson, *Bæjarfulltrúi*
- 1. Guðný Birna Guðmundsdóttir, *Bæjarfulltrúi*
- 1. Styrmir Gauti Fjeldsted, *B.Sc í Rekstrarverkfræði*
- 1. Eydis Hentze Pétursdóttir, *Meistar-anemi í heilbrigðisvísindum*
- 1. Guðrún Ösp Theodórsdóttir, *Hjúkrunarfræðingur*
- 1. Sigurrós Antonsdóttir, *Hársnyrti-meistari og sjálfstæður atvinnurekandi*
- 1. Jón Haukur Hafsteinsson, *Forstöðumaður sérdeildar Háaleitisskóla*
- 1. Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, *Verkefnastjóri og nemi*
- 1. Elfa Hrund Guttormsdóttir, *Félagsráðgjafi*
- 1. Valur Ármann Gunnarsson, *Leigubifreiðastjóri*
- 1. Íris Ósk Ólafsdóttir, *Rekstrahagfræðingur*
- 1. Sindri Stefánsson, *Hjúkrunarfræðinemi*
- 1. Hulda Björk Stefánsdóttir, *Leikskólastjóri*
- 1. Simon Cramer Larsen, *Framhaldsskólakennari*
- 1. Hjörtur Magnús Guðbjartsson,



- Sérfræðingur*
- 1. Jurgita Milleriene, *Grunnskólakennari*
- 1. Þórdís Elín Kristinsdóttir, *Félagsráðgjafi*
- 1. Bjarni Stefánsson, *Málarameisteri*
- 1. Kristjana E. Guðlaugsdóttir, *Viðskiptafræðingur*
- 1. Vilhjálmur Skarphéðinsson, *Eldri borgari*
- 1. Hrafnhildur Gunnarsdóttir, *Eldri borgari*
- 1. Ingvar Hallgrímsson, *Rafvirkjameistari*

# Í skugga Sveins í Gaflaraleikhúsinu

★★★★★  
„Fyrirtaks skemmtun fyrir unga jafnt sem alda“  
Sílja Huludóttir Morgunblaðið

„Þar með hefst galdraverkið, spuninn. Aldeilis ótrúlegt! Ekkert hik, engar tafir“  
Bryndis Schram DV  
„Sýningin er dillandi skemmtileg“  
Sílja Aðalsteinsdóttir TMM

## Rammíslenskur gamansöngleikur eftir Karl Ágúst Úlfsson

sunnudag 25. febrúar kl 13.00

sunnudag 4. mars kl 13.00

sunnudag 11. mars kl 16.00

sunnudag 18. mars kl 16.00

midi.is

Gaflaraleikhúsið



# Flugvirkjun

Innritun stendur yfir

Flugskóli Íslands  
Tækniskólinn





# Öruggur við allar aðstæður Nýr Dacia Duster



**Komdu og  
prufukeyrðu**  
Sími: 420 0400

Verð frá:  
**3.590.000 kr.**  
Fjór hjóladrifinn

Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars: 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuhemlun (eingöngu í 4x4), hraðastillir með hraðatakörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhæmlunarhjálpi, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum.  
Aukalega í Prestige útgáfu: 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.



Reykjanesbæ / [www.gebilar.is](http://www.gebilar.is) / S: 420 0400

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

